

# Hafnarreglugjörð

13

17. jan.

## fyrir Stykkishólmskaupþún.

Stjórnarráð Íslands hefir 17. janúar 1919 gefið úr svofelda hafnarreglugjörð fyrir Stykkishólmskaupþún í Snæfellsnessýslu, samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917.

### I. Hafnargjald.

Af öllum skipum og gangvjelabátum, sem mæld eru til lestatala, hvort sem þau sigla tóm, með selgfestu eða fermd vörum, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfnina. Þar með eru talin fiskiskip og öll önnur skip, er ganga á milli hafna á Íslandi. Undanþegin þessu gjaldi eru þau skip, sem umræðir í 3. gr. og gangvjelabátar minni en 10 smálestir.

Er skip fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 10 aura af hverri smálest alls farmrúms skipsins.

Skipin greiða framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr svonefndum Baulutanga beina línu í Hvítubjarnarey, þaðan beina leið í Þórishólma, þaðan beina línu í Böllusker og þaðan sjónhending í Lundaklett. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líkt.

Þau skip, er liggja vetrarlangt á Stykkishólmshöfn, skulu greiða í hafnarsjóð: Skip stærri en 50 smálesta 20 kr., skip 50 smálesta og minni 10 kr., en til vetrarlegunnar þurfa slík skip að fá leyfi hafnarnefndar.

### II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, sem þegar eru talin skal greiða 4 aura af hverri smálest í skipi, sem lagt hefir verið upp í fjöru til hreinsunar eða aðgerðar, þó aldrei minna en 2 krónur.

Skip, sem taka selgfestu í landi Stykkishólmskaupþúns, greiði í hafnarsjóð 8 aura af hverri smálest skipsins.

### III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin hafnargjaldi eru:

1. Öll herskip og skemtiskip, hveirrar þjóðar sem eru.
2. Skip, er leita hafnar sakir sjóskemda, eða veikinda skipshafnar, þótt farmur hafi verið fluttur úr þeim, ef þau flytja allan farminn í burtu aftur og eigi annað.

### IV. Seglfesta.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni, nema með leyfi hafnarnefndar og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeigenda eða umráðamanns.

### V. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem talin eru hjer að framan, skulu reuna í hafnarsjóð Stykkishólmskaupþúns og skal honum eingöngu varið til þess, að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina eru eða verða gjörð, viðhaldi þeirra og frekari viðbótum.

13

17. jan. Hreppsnefnd Stykkishólmshrepps, kva 3 menn í hafnarnefnd og skal einn þeirra jafnan vera hreppsnefndarmaður. Hafnarnefndin hefir umsjón með að reglugjörð þessari sje hlýtt; innheimtir eða sjer um að gjöldin til hafnarsjóðs sjeu innheimt, og stjórnar sjóðnum með umsjón hreppsnefndar. Hreppsnefndin veitir fjó úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skal ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans, eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurdast ásamt þeim.

#### VI. Notkun hafnarbryggjunnar.

a. Öll skip, seglskip, gufuskip og önnur gangvjelaskip, að undanskildum herskipum, er ætla að leggjast við hafskipabryggjuna. skulu skyld að hlífa bryggjuhöfðinu sjálfu við átökum, en nota aðallega til að draga sig að, ból þau beggja megin bryggjunnar og hringi í stykkinu, sem til þess er ætlað. Leiðbeini hafnsögumaður skipi inn á höfn, skal hann skyldur að benda skipstjóra á bólin og hringina, er skipinu sje ætlað að nota til að draga sig að bryggjunni.

b. Skip hafa rjett til þess að leggjast að bryggjunni í þeirri röð, sem þau koma; þó skulu þau skip, sem sigla eftir fastákveðinni fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rjett til þess að leggjast að bryggjunni, þó önnur liggi þar fyrir, og verða þau að víkja á burt meðan hin fá afgreiðslu.

Hafnarnefnd ákveður hvar skip skuli liggja fyrir innan línu, sem hugsast dregin úr vestra horni Súgandiseyjar í svo nefndan Fálka.

c. Sjerhver skemd, sem verður á bryggjunni, áhöldum eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bætt af viðkomandi skipi, ef hún stafar af ásettu ráði eða vangá.

Aðrar skemdir, er bryggjan og áhöld hennar verða fyrir af manna völdum, skal að fullu bæta af þeim, er skemdunum valda af ásettu ráði eða vangá.

d. Þegar vörur eru fluttar í skip eða úr við bryggjuna, er hlutaðeigendum heimilt að láta vörur liggja á bryggjunni svo sem pláss leyfir, alt að 24 stundir; en hlýða skulu þeir fyrirmælum hafnarnefndar eða umsjónarmanns, um að hagræða vörunum þannig, að sem minst tálmi umferð og afnotum bryggjunnar og að hæfilegur þungi hvíli á hverjum hluta hennar.

e. Hafnarnefndin hefir, undir umsjón hreppsnefndar, alla umsjón með hafskipabryggjunni og áhöldum þeim, er henni fylgja, og er öllum óheimilt að nota, nema leyfi nefndarinnar komi til.

Hafnarnefndin getur skipað mann, er hafi stöðuga umsjón með bryggjunni og áhöldum hennar, og kveður á um starfsvið hans og þóknun.

#### VII. Bryggjugjald.

a. Skip, er greiða hafnargjöld, eru undanþegin sjerstöku gjaldi fyrir að liggja við bryggjuna og nota áhöld hennar (ból og hringi), nema sjerstakur samningur kveði öðruvísi á um. Gangvjelabátar og aðrir bátar minni en 10 smálesta, greiði sjerstakt gjald fyrir að nota bryggjuna eða festarhöld hennar, sem hjer segir:

Gangvjelarbátar greiði í hvert skifti 2 kr.,

aðrir bátar greiði í hvert skifti 1 kr.

Þó geta slíkir bátar keypt sjer rjett árlega, í eitt skifti fyrir öll, til að nota bryggjuna eða festarhöld hennar fyrir:

Gangvjelarbátar 10 kr.

aðrir bátar 5 kr.

- b. Vörugjald : Af vörum, sem teknar eru úr skipum á bryggjuna eða af heunl í skip, skal **13**  
 greiða gjald sem hjer segir : **17. jan.**
1. Af kolum, 1 kr. af hverrt smálest.
  2. — salti, 75 aura af hverri smálest.
  3. — timbri og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli, 4 aura af hverju teningsfeti.
  4. — múrstelni og sementssteini 50 aura af hverfum 100 st.
  5. — stórgripum, 1 kr. af hverjum.
  6. — sauðfje, 50 aura af hverri kind.
  7. — öllum öðrum vörum 2 kr. af hverri smálest, eða 15 aura af hverju einstöku stykki, ef um mína en smálest er að ræða.

Brot úr smálest, sem nemur helmingi eða meira, skal talið sem heil smálest, en minna broti skal slept.

Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið að eins einusíuni.

Farþegaflutningur er undanþeginn þessu gjaldi.

Fyrir alla aðra notkun hafnarbryggjunnar, sem ekki er ákveðið neitt gjald fyrir í þessari reglugjörð, skal greiða gjald eftir samkomulagi við hafnarnefnd í hvert skifti.

Hafnarnefndin sjer um innheimtu á gjöldum þessum og reikningsskil fyrir þeim og ræður einn eða fleiri menn til að hafa innheimtuna á hendi gegu innheimtulaunum þeim, er um semur.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

#### VIII. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum allt að 400 kr., er renna í hafnarsjóð Stykkishólms kaupþúns, og fer með mál út af þeim, sem um almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. febrúar 1919.

**Í stjórnarráði Íslands, 17. janúar 1919.**

**Sigurður Jónsson**

*Oddur Hermannsson.*